


Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar staðfesti eftirfarandi bókun skipulags- og umhverfisnefndar á fundi sínum 5. júlí 2012:



1 Breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022.

S20120701

Skipulags og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að gerðar verði eftirfarandi breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 skv. 2 mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í því að gerðir eru viðaukar í texta við tvær greinar kafla 4.8.2 Starfsemi á landbúnaðarsvæðum. Viðaukar eru gerðir við eftirfarandi kafla: „Frístundahús“ annars vegar og „Íbúðarhús“ hins vegar.

Kafli 4. 8 LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Grein 4.8.2 starfsemi á landbúnaðarsvæði.

Gert er ráð fyrir að helsti atvinnuvegur í sveitinni verði áfram landbúnaður. Það er hins vegar eitt meginmarkmið aðalskipulagsins að skapa góð skilyrði til þess að ýmis konar starfsemi geti þróast á landbúnaðarsvæðum, án þess að nauðsynlegt verði að að skilgreina aðra landbúnaðarflokka. Um er að ræða starfsemi sem nýtir auðlindir og kosti svæðisins m.a. í afþreyingu og ferðaþjónustu og er gerð grein fyrir þeim hér á eftir:

Frístundahús:

Samkvæmt aðalskipulagi þessu er heimilt að afmarka lóðir og reisa frístundahús á landbúnaðarsvæðum þar sem aðstæður leyfa. Allt að þrjú frístundahús á hverju núverandi lögbýli.

(Fleiri frístundahús en þrjú skulu aðeins vera á svæðum sem skilgreind eru sérstaklega fyrir frístundabyggð).

Tillaga að viðauka:

Sama máli geginir um ný lögbýli stærri en 15 ha sem stofnuð verða eftir löggildingu aðalskipulagsins. Allt að þrjú hús á hverju lögbýli, þar sem aðstæður leyfa. Gott ræktunarland skal ekki nýta undir frístundahús/byggð, nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til þess.

Íbúðarhús:

Samkvæmt aðalskipulagi þessu er heimilt að afmarka lóðir og reisa íbúðarhús á landbúnaðarsvæðum þó að þau tengist ekki búrekstri, þar sem aðstæður leyfa. Allt að þrjú íbúðarhús á hverju núverandi lögbýli. (Íbúðarbyggð með fleiri en þremur íbúðarhúsum skal aðeins vera á skilgreindum íbúðarsvæðum).

Tillaga að viðauka:

Sama máli geginir um ný lögbýli stærri en 15 ha sem stofnuð verða eftir löggildingu aðalskipulagsins. Allt að þrjú íbúðarhús á hverju lögbýli auk þeirra landbúnaðarbygginda sem tengjast búrekstri á lögbýlinu.

Greinargerð:

Markmið sveitarstjórnar er eins og fram kemur í kafla 4.8.2 hér að framan að helsti atvinnuvegur í sveitinni verði áfram landbúnaður. Það er hins vegar eitt meginmarkmið aðalskipulagsins að skapa góð skilyrði til þess að ýmis konar starfsemi geti þróast á landbúnaðarsvæðum, án þess að nauðsynlegt verði að að skilgreina aðra landbúnaðarflokka. Um er að ræða starfsemi sem nýttir auðlindir og kosti svæðisins m.a. í afþreyingu og ferðapjónustu.

Í gildandi aðalskipulagi eru ekki neinar skilgreindar heimildir til handa nýjum lögbýlum sem kunna að verða stofnuð í framtíðinni, en það er vilji sveitarstjórnar að jafnræði ríki milli núverandi og nýrra lögbýla. Þó eru þau takmörk sett varðandi ný lögbýli að stærð þeirra sé ekki undir 15 ha og er það gert til að stemma stigu við að jörðum sé skipt upp í minni lögbýli til að nýta sér heimild til byggingar fristunda- og íbúðarhúsa.

Sveitarstjórn vill geta haft áhrif á þróun fristundabyggðar á landbúnaðarsvæðum utan skipulagðra fristundahúsasvæða og getur það t.d. sem ákvörðunaraðili um stofnun nýrra lögbýla.

Að mati sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar er ekki um verulega breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 að ræða og er ekki líkleg að hún muni hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði þar sem ekki hefur verið mikil ásókn í stofnun lögbýla síðast liðin ár og ekki er fyrirsjánlegt að svo verði í nánustu framtíð. Sveitarstjórn vill engu að síður, eins og fram hefur komið, tryggja jafnræði milli lögbýla sem stofnuð hafa verið fyrir og eftir gildistöku aðalskipulagsins.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 5. 07. 2012


Sveitarstjóri

Skipulagsstofnun hefur staðfest meðfylgjandi breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022

þann 4. september 2012



f.h. Skipulagsstofnunar

